



fréttabréf **bssl**

Breytingar á búvörulögum og lögum um Bjargráðasjóð vegna náttúruhamfara samþykktar

Breytingar á lögum um Bjargráðasjóð og búvörulögum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi þann 18. maí s.l. Frumvarp þess efnis var lagt fram í vikunni áður og hlaut það flýtimeðferð í þinginu. Full samstaða var um málið í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og sömuleiðis í þinginu. Enginn kvaddi sér hljóðs um frumvarpið í annarri og þriðju umræðu utan Atli Gíslason sem kvaddi sér hljóðs um atkvæðagreiðsluna. Atli þakkaði þar fyrir þá miklu samstöðu sem um málið skapaðist og fyrir það hversu fljótt var hægt að afgreiða málið en beita þurfti afbrigðum við þingsköp til þess. Þá þakkaði Atli fyrir þann samhug sem fólki á áhrifasvæði gossins væri sýnd.

Með breytingunum er bændum sem bregða búi tímabundið eða draga verulega úr framleiðslu vegna eldgossins gert kleift að halda óskertum beingreiðslum til ársins 2012. Sömuleiðis er hámarksframlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs afnumið. Samkvæmt lögum var sú hámarksgreiðsla 80 milljónir króna á ári en ljóst þótti vera að mun hærri fjárhæðar væri þörf til að bregðast við vanda bænda.

Tilkynning til bænda í Sunnu og Sóma

Nú stendur sem hæst vinna við rekstrargreiningar á rekstrargögnum frá 2009. Þeir sem enn eiga eftir að skila inn gögnum eru beðnir að gera það sem allra fyrst. Nánari upplýsingar gefa rekstrarráðunautar Búnaðarsambandsins í síma 480 1800.

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum hefst í næstu viku. Vegna kvefpestarinnar og þess að ekki er víst hve mörg hross verða í sýningarhæfu ástandi í næstu viku verður sýningin framlengd til 18. júní n.k.

Aðalfundur BSSL

Ákveðið hefur verið að aðalfundur Búnaðarsambandsins, sem frestað var um daginn vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, verði ekki haldinn fyrr en með haustinu. Tímasetning verður auglýst síðar.

Ársrit BSSL fyrir árið 2009 er komið út og verður sent til þeirra sem þess óska. Hægt er að biðja um ritið í síma 480 1800 eða með tölvupósti á bssl@bssl.is

EFNI BRÉFSINS:

Niðurstöður úr gróðursýnum á öskufallssvæðinu	2
Ert þú aflögufær um hey?	3
Jarðræktartilraunir á Stóra Ármóti.....	3
Nýir aðilar í gæðastýringu í sauðfjárrækt - vorbókaskil	4
Umsóknir um leyfi til flutnings líflamba milli varnarhólfa	4
Kvótamarkaður með greiðslumark í mjólk.....	4

Á DÖFINNI:

- **Héraðssýningar kynbótahrossa**
 - Gaddstaðflötum
31. maí - 18. júní
 - Hornafirði
1.- 2. júní
- **Námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt**
Stóra Ármóti 18. júní
kl. 10.00-18.00


Niðurstöður úr gróðursýnum á öskufallssvæðinu

Nú í maí hafa verið tekin gróðursýni á þeim svæðum sem aska hefur fallið mest á. Stefnan er að taka gróðursýni vikulega meðan þurfa þykir. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr þeim gróðursýnum sem hafa verið tekin.

Niðurstöður úr gróðursýnum flúor (F-)ppm (mg/kg) í þurrefni.

Þolmörk í fódri nautgripa og hrossa eru 25-30 flúor ppm og sauðfjár 70-100 flúor ppm

Bær	3.5.2010	10-11.5.2010	12.5.2010	17.5.2010
Efri-Ey		53		15
Efsta Grund	188	101		137
Giljum		495		
Hlíð	661	296		167
Hraungerði		448		31
Jórvík		96		
Raufarfell	2.396	932	138	401
Núpur	113	85		94
Ytri-Sólheimum		331		
Voðmúlastaðir				25
Sólheimahjáleiga				162
Ytri-Ásar				7
Butra				86



Flest sýnanna eru yfir þolmörkum fyrir nautgripa með þeim undantekningum að sýnin frá Efri-Ey og Ytri-Ásum eru undir þeim mörkum. Þá er sýni frá Voðmúlastöðum á þeim mörkum. Hvað sauðfé snertir þá eru þau sýni sem eru undan Eyjafjöllunum og vestast í Mýrdalnum (Sólheimahjáleiga) vel yfir þolmörkum sauðfjár. Sýni frá Butru í Fljótshlíð er um eða aðeins yfir þolmörkum sauðfjár en önnur sýni vel undir.

Greinilegt er að flúorinn skolest fljótt úr öskunni ef rignir á annað borð nema að um verulegt öskulag sé að ræða. Miðað við þessar niðurstöður er alls ekki óhætt að beita búfenaði undir Eyjafjöllum og alla vega vesturhluta Mýrdals sem og innst í Fljótshlíð. Þetta er svæðið næst eldstöðinni. Ekki virðist ástæða til að hafa áhyggjur af öðrum svæðum meðan ekki verður meira öskufall en þarna var orðið. Að sjálfsögðu breytir úrkoma þessari mynd fljótt.

Ert þú aflögufær um hey?

Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli hefur skapast óvissa um fóduröflun á öskufallssvæðinu í sumar. Fyrirsjáanlegt er að talsvert viðbótarhey þarf inn á svæðið og því er nauðsynlegt að tryggja nægar heybirgðir fyrir haustið.

Sveitarstjórnir Rangárbings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps hafa falið Bændasamtökum Íslands og Búnaðarsambandi Suðurlands að afla upplýsinga um þá bændur sem eru viljugir til þess að selja gæðahey inn á áhrifasvæði eldgossins.

Um er að ræða:

- 1) Fyrningar sem unnt er að flytja með skömmum fyrirvara
- 2) Nýtt hey sem verður til ráðstöfunar seinni hluta sumars

Samkvæmt lögum og reglum Bjargráðasjóðs bætir hann bændum tjón sem þeir verða fyrir vegna uppskerubrests.

Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna flutnings á heyi á milli varnarlína en þær eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar, www.mast.is. Heimilt er að flytja hey inn á svæðið af öllum líflambasvæðum. Óheimilt er að flytja hey frá Árnassýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Austurlandi sunnan Smjörfjallalínu og norðan Hamarsfjarðarlínu. Flutningur inn á áhrifasvæði gossins af öðrum svæðum á landinu er háð mati Mast í

hverju tilviki fyrir sig. Sú kvöð hvílir á kaupanda í öllum tilfellum að afla leyfis hjá Mast vegna viðskipta með hey.

Það er mikilvægt að taka fram að með þessari auglýsingu er eingöngu verið að kanna mögulegt framboð á heyi en ekki ábyrgjast viðskipti. Upplýsingum um seljendur verður komið áleiðis til sveitarfélaga á viðkomandi svæðum sem síðan miðla þeim til væntanlegra kaupenda.

Þeir bændur sem telja sig reiðubúna að selja fyrningar eða gefa fyrirheit, án skuldbindinga, um hey í lok sláttar vinsamlegast hafið samband við Bændasamtökin í síma 563-0300 eða sendið tölvupóst á bella@bondi.is. Nauðsynlegt er að fram komi áætlað magn sem hægt er að selja, mat á heygæðum og lágmarksverð. Framgangur málsins ræðst m.a. af þróun eldgossins, skipulagi heyflutninga og öryggissjónarmiðum.

Mikilvægt er að bændur láti vita strax. Unnið er að heildaráætlun um fóduröflun á gossvæðinu og því er nauðsynlegt að fyrir liggi sem allra fyrst yfirlit um mögulegt heyframboð utan svæðisins.

Bændasamtök Íslands og Búnaðarsamband Suðurlands

Jarðræktartilraunir á Stóra-Ármóti

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Búnaðarsamband Suðurlands eru í samstarfi með áburðartilraunir sem hér segir:

Dreifingartími á mykju:

Mánuðina október til maí er dreift mykju, venjulega fyrstu daga hvers mánaðar. Þrír reitir eru með hvern dreifingartíma. Til að meta áhrifin eru einnig reitir sem fá mismunandi tilbúinn áburð (mismunandi magn af N, P og K) á venjulegum tíma. Það er einkum N sem skiptir máli í þessu sambandi, og því eru viðmiðunarskammtar margir, 0, 25, 60, 100, 125 og 150 kg N/ha. Fyrir P og K eru annarsvegar reitir án þessara efna og hins vegar með 20 kg P/ha og 80 kg K/ha.

N,P,K og S á tún:

Í þessari tilraun eru fjórir mismunandi skammtar af N (0, 50, 100 og 150 kg/ha), fjórir skammtar af P (0, 5, 15, og 25 kg/ha), fjórir skammtar af K (0, 25, 50 og 75 kg/ha). Til að finna hvort þörf sé á brennisteinn eru bæði reitir sem fá og ekki S.

Í samskonar tilraun á Stóra-Ármóti sumarið 2009 fékkst uppskeruauki fyrir að auka N-skammt úr 100 í 150 kg/ha (þó

efamál hvort það svaraði kostnaði), fosfór gaf engan uppskeruauka, né heldur brennisteinn, en kalísvörun var nokkur, a.m.k. fyrir allt að 50 kg/ha.

N,P,K og S á rýgresi:

Þessi tilraun er alveg eins og áburðartilraunin fyrir tún (sjá hér að ofan).

N,P og K til viðbótar niðurfelldri mykju:

Hér eru misstórir skammtar af N, P og K, þar með talið reitir sem fá engan áburð eða aðeins tvö af áburðarefnum N,P og K. Niðurfellda mykjan var um 25 tonn/ha. Viðmiðunareitir fá 0, 40 eða 80 kg N/ha, 0 eða 10 kg P/ha og 0 eða 30 kg K/ha

Athugun á niðurfellingu

Hér er borið saman að aka tækinu með niðurfellingarbúnaðinn á lofti, rispun án niðurfellingar, niðurfellingu og yfirbreiðslu (sem tókst heldur illa). Mykjumagnið var um 25 tonn/ha og ekki var borinn á neinn tilbúinn áburður.

Nýir aðilar í gæðastýringu í sauðfjarrækt - vorbókaskil

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar um gæðastýringu skulu framleiðendur sem eru að hefja þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en hafa til þess tíma ekki verið í skýrsluhaldi skulu senda vorupplýsingar úr sauðfjárskýrsluhaldi til Bændasamtaka Íslands eigi síðar en 20. júní n.k.

Fyrirhugað er að halda námskeið í gæðastýringu á Stóra Ármóti mánudaginn 18. júní n.k.

Námskeiðið hefst kl. 10.00 fyrir hádegi og og lýkur kl. 18.00.

Námskeiðið er ætlað þeim framleiðendum sauðfjárafurða sem eru:

- nýir þátttakendur og/eða hafa ekki sótt námskeið áður
- eru nýir ábúendur og eða eigendur jarða
- eru að hefja sauðfjársúskap, taka við sauðfjársúskapi eða gera það síðar á þessu ári eða því næsta.

Skráning:

Peir sem óska eftir að sækja námskeiðið skrá sig til þátttöku hjá Bændasamtökum Íslands fyrir 7. júní n.k. í síma 563 0300 eða með tölvupósti á bella@bondi.is.

Athugið að nýir þátttakendur í gæðastýringu í sauðfjarrækt þurfa að sækja um þátttöku til Matvælastofnunar á þar til gerðum eyðublöðum.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember ef framleiðandi hyggst njóta álagsgreiðslna fyrir næsta almanaksár.

Umsóknir um leyfi til flutnings líflamba milli varnarhólfa

Peir sem sækja um leyfi til að flytja líflömb milli varnarhólfa skulu sækja um það til Matvælastofnunar fyrir 1. júlí á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar www.mast.is. Matvælastofnun veitir leyfi fyrir 1. ágúst eða hafnar umsókninni ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði reglugerðarinnar.

Peir sem hyggjast sækja um eru hvattir til að kynna sér reglugerð nr. 550/2008 um flutning líflamba milli landsvæða.

Kvótamarkaður með greiðslumark í mjólk

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað reglugerð um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti á greiðslumarki mjólkur á lögbýlum (kvótamarkað) og einnig reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 648/2009, um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. september 2009 til 31. desember 2010. Samkvæmt reglugerðinni er Matvælastofnun falið að starfrækja kvótamarkað með greiðslumark mjólkur, sem á að halda tvisvar á ári, 1. júní og þann 1. desember ár hvert. Þá eru viðskipti með greiðslumark nú stöðvuð tímabundið eða fram til 1. desember n.k.

Markmið breytinganna er að fjárhagslegur stuðningur við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda og að greinin geti þróast þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi mjólkurframleiðenda og unnt sé að nýta framleiðsluáðstöðuna með eðlilegum hætti. Breytingunum er nánar ætlað að stuðla að réttlátari skiptingu ávinnings heildarinnar (seljenda kaupenda og neytenda) af viðskiptunum t.d. með því að auka gagnsæi, ná meira jafnvægi í verðum og jafna stöðu kaupenda og seljenda hvað varðar upplýsingar um markað fyrir greiðslumark. Jafnframt er verið að koma tímabundið í veg fyrir að ráðstöfum greiðslumarks frá einstökum býlum í fjárhagsvanda eigi sér stað, án þess að áhrif á heildar stefnumótum liggja fyrir.

Helstu nýmæli eru að Matvælastofnun er falið að starfrækja kvótamarkað sem haldinn skal tvisvar á ári; þann 1. júní og þann 1. desember ár hvert og í fyrsta skipti 1. desember 2010. Markaðurinn er settur upp að danskri fyrirmynd þar sem að eingöngu geta orðið viðskipti á s.k. jafnvægisverði. Við opnun tilboða skráir Matvælastofnun magn og verð á hverju tilboði um kaup eða sölu. Við flokkun tilboða um sölu skal þeim raðað upp eftir hækkandi verði við hvert innfært tilboð. Kauptilboðum skal raðað upp eftir lækandi verði við hvert innfært tilboð á sama hátt. Jafnvægisverð er það verð sem myndast þegar framboðið magn er jafnt og eftirspurt magn eða lægsta verð, sem jafnvægisverð getur verið selt og keypt á. Jafnvægisverð er það magn greiðslumarks, sem boðið fram getur gengið kaupum og sölum á markaðnum hverju sinni. Greiðslumark sem boðið er til sölu á herra verði en jafnvægisverði skal vísað frá markaði og á sama hátt kauptilboðum sem eru lægri en jafnvægisverð.